

# Íþróttamiðstöðin á Dalvík

## Reglur um útleigu á íþróttamiðstöð fyrir aðra starfsemi en íþróttaviðburði.

1. Heimilt er að leigja félagasamtökum Íþróttamiðstöðina undir ráðstefnur, fundi, vörkynningar, tónleika, dansleiki og aðra mannfagnaði fyrir almenning, félagasamtök og opinberar samkomur ef annað húsnæði í bæjarfélaginu sem er í útleigu hentar ekki eða er ekki laust á þeim tíma sem sótt er um.
2. Leggja skal inn umsókn um leigu til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Dalvíkurbyggðar. Úthlutar umsjónarmaður húsinu að fengnu samþykki Íþrótt- og æskulýðsnefndar/bæjarstjórnar. Ekki er tekið við umsóknum með meira en 12 mánaða fyrirvara.
3. Verði leiga íþróttasalar samþykkt skv. Ofangreindu þarf leigutaki að gangast undir eftirfarandi skilyrði:
  - a. Leigutaki tilgreingir ábyrgðaraðila sem persónulega gengur í ábyrgð fyrir skaða og tjóni sem hugsanlega getur orðið á munum og mannvirki á leigutíma.
  - b. Leigutaki ber allan kostnað af undirbúningi, framkvæmd og frágangi vegna leigu íþróttasalar.
  - c. Strangar kröfur um gæslu sem leigutakar leggja sjálfir fram.
  - d. Starfsmaður Íþróttamiðstöðstöðvar sé á vakt og gæti hann að undirbúningi og vörnum í sal og húsnæði til að sporna við tjóni.
  - e. Reykingar og notkun áfengis er bannað í og við íþróttamiðstöð. Áfengisveitingar eru heimilar í undantekningartilfellum og þarf að sækja um sérstaklega til Íþrótt- og æskulýðsnefndar / bæjarstjórnar.
  - f. Ef áfengisveitingar eru leyfðar skulu lög og reglur um aldurstakmark vera virtar án nokkurra undantekninga. Leyfisveitingar skulu vera í lagi.
  - g. Eftir útleigu skal íþrótt- og æskulýðsfulltrú Dalvíkurbyggðar taka út ástand hússins og gera strax skriflegar athugasemdir ef einhverju er ábótavant. Ber leigutaka að bæta tjón sem hlotist hefur.

4. Gjaldskrá vegna útleigu íþróttamiðstöðvar til stærra viðburða. Leiga skal greidd fyrirfram

a. Salarleiga

- |  |             |
|--|-------------|
| i. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.                                  | 45.000 kr.  |
| ii. Fyrir allt íþróttahúsið í sólarhring                           | 135.000 kr. |
| iii. Fyrir allt íþróttahúsið eina helgi                            | 270.000 kr. |
| iv. Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu. |             |
| v. Þrifagjald maður pr. klst.                                      | 5.500 kr.   |

b. Salarleiga og sundlaug

- |  |             |
|--|-------------|
| i. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.                                  | 60.000 kr.  |
| ii. Fyrir allt íþróttahúsið í sólarhring                           | 180.000 kr. |
| iii. Fyrir allt íþróttahúsið eina helgi                            | 360.000 kr. |
| iv. Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu. |             |
| v. Þrifagjald maður pr. klst.                                      | 5.500 kr.   |

c. Salarleiga, sundlaug og líkamsrækt

- |  |             |
|--|-------------|
| i. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.                                  | 75.000 kr.  |
| ii. Fyrir allt íþróttahúsið í sólarhring                           | 225.000 kr. |
| iii. Fyrir allt íþróttahúsið eina helgi                            | 450.00 kr.  |
| iv. Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu. |             |
| v. Þrifagjald maður pr. klst.                                      | 5.500 kr.   |

*Samþykkt í Íþróttá- og æskulýðsráði þriðjudaginn 6. mars 2012  
Afgreitt í bæjarstjórn þann*